

Nd.

211. Nefndarálit

um frv. til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðar-embættisins.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frv. samhljóða þessu að efni til lá fyrir síðasta Alþingi og var þá felt við 2. umr. í neðri deild. Verður meiri hluti nefndarinnar að ítreka þau rök, sem tvívegis áður hafa verið borin fram gegn sameining þessara embætta og Alþingi metið svo, [að það hefir í bæði skiftin eftir þeim farið, þó að hæstvirtur ráðherra, sem þetta frv. er frá komið, vilji svo vera láta í greinargerð frumvarpsins, að þau hafi ekki verið mikils virði.

Það verður aldrei út skafið, að þessi tvö söfn eru gagnólik að eðli sinu, þótt svipuð kunni að vera að ytra útliti fyrir þeim, sem lítt eða ekki þekkja þau, enda sjest í greinargerð frumvarpsins, að öllu er saman ruglað, þar sem það er talinn vottur um skyldleik safnanna, að í landsbókasafninu sjeu *ýms stórmerk handrit*. En handrit geta auðvitað verið eins óskyld að efni og tilgangi og frekast er nnt. Í landsbókasafninu eru *handrit*, en það eru alt *bækur*, skrifaðar í stað prentaðra, en í skjalasafninu eru *skjöl*, embættisbrjef, opinberar skýrslur, kirkjubækur o. fl. o. fl., og fer skiftingin fram eftir *eðli* þessara plagga, en ekki eftir því, hvort skrifuð eru eða prentuð, hvort í bókarformi eru eða öðru. Og geymsla þessara plagga er ólik, niðurröðun og einkum notkun gagnólik og alveg sitt hvað að vera góður bókavörður eða skjalavörður, að því ógleymdu, að ærin og allsendis nóg störf eru fyrir tvo forstöðumenn við söfn þessi, jafnvel þótt miklu meira fje hefðu til aðstoðar en hjer er nm að ræða. Annars leyfir minni hlutinn sjer að vitna til þeirra raka, sem mentamálanefnd þingsins 1919 og minni hluti allsherjarnefndar í fyrra bar fram, og vill ekki endurtaka þan hjer.

Á hinn bóginn vill meiri hluti nefndarinnar fúslega viðurkenna það, að þörf sje á sem viðtækustum sparnaði á öllum sviðum nú, og vill þá ekki heldur mæla Þjóðskjalasafnið undan slíkum sparnaði, þó að ekki verði sagt, að til þess sje varið ýkjamiklu fje. En því vill meiri hlutinn ná með því að láta fyrst um sinn, meðan fjárhagurinn er svo örðugur, niður falla fjárveitingu til aðstoðarmanns við safnið. Nú stendur svo á, að aðstoðarskjalavörðurinn hefir verið settur til að gegna yfirskjalavarðarembættinu, og þar sem hann hefir náð hámarkslaunum í aðstoðarmannsembættinu, en mundi verða að taka hitt embættið með byrjunarlaunum, munar þetta fyrstu árin ekki nema 1000 krónum í launum, ef honnm væri veitt embættið.

Ef þessi ummæli hjer í nefndarálitinu væru ekki talin nægileg bending

til landsstjórnarinnar um, að veita ekki aðstoðarmannsembættið, mun meiri hlutinn bera það mál fram á annan hátt, svo að fulltryggilegt sje.

Meiri hlutinn ræður því háttv. deild til þess að fella frumvarpið með þessu fororði.

Alþingi, 22. mars 1924.

Magnús Jónsson,
frsm. meiri hl.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Jörundur Brynjólfsson.